

Nd. **173. Frumvarp til laga** [143. mál]
um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947 um Fiskimálasjóð með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—1981).

1. gr.

Í stað „2 000 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi „5 000 000 kr.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fé Fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi, skv. 3. gr. laganna: Til styrkveitinga samkvæmt 4. gr. og til lánveitinga samkvæmt 5. gr.

Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í kr. 2 000 000 árið 1978. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um, að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi, að þessi upphæð verði nú hækkuð í kr. 5 000 000.